



# SAMTÖK ALDRAÐRA

Síðumúli 29, 108 Reykjavík · Sími 552 6410 – fax 562 6414 · www.aldradir.is

Reykjavík 12. nóvember 2020

Fr. bæjarstjóri  
Rósa Guðbjartsdóttir,  
Bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar,  
Strandgötu 6,  
220 Hafnarfirði

Undirritaður formaður Samtaka aldraðra byggingarsamvinnufélags leyfir sér að senda yður, frú bæjarstjóri, Fréttabréf félagsins, sem var að koma úr prentsmiðjunni í byrjun mánaðarins.

Í blaðinu eru fróðlegar greinar og viðtöl við þá íbúa, sem búa á vegum félagsins í íbúðum, sem Samtökin hafa byggt fyrir félagsmenn sína á liðnum árum.

Bendi á fróðlegt viðtal við Ingólf Antonsson, sem starfaði við byggingu íbúða fyrir verkamannabústaði í Reykjavík á árunum 1967 til 2001 en hann kom til félagsins það ár fyrir tilstilli Reykjavíkurborgar.

Þetta félag byggir á þeirri grunnhugmynd að byggja góðar íbúðir á kostnaðarverði fyrir félagsmenn sína með þeirri kvöld að þær gangi síðan milli kynslóða á uppreiknuðu verði með byggingarvísitölu. Þetta þýðir að verðmyndun þeirra er ekki háð hækkunum á almennum fasteignamarkaði eins og verið hefur undanfarin misseri.

Þetta fyrirkomulag hefur gert það að verkum að mun fleiri aldraðir (60 ára og eldri) geta ráðið við að kaupa þessar eignir en ella væri. Reynslan hefur sýnt að meðalverð á eignum félagsins hefur verið u.p.b. 8-10 milljónum lægra en á almennum markaði.

Með það í huga ætti Hafnarfjarðarbær að sjá sér hag í því að útvega féluginu lóðir á lægra verði en gengur og gerist á hinum almenna markaði. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki við að léttu byrðum af sveitarfélögum. Það hefur á undanförnum áratugum (frá 1973) stuðlað að ánægjulegra mannlífi aldraðra og allan límann með það markmið að byggja ódýrar og heppilegar íbúðir fyrir aldraða.

Félagið vekur athygli yðar á því að það hefur byggt tvö fjölbýlishús í Kópavogi, Kópavogstún 2-4 og Kópavogsgerði 5-7. Með þá reynslu í huga að hafa starfað í öðru bæjarfélagi en Reykjavík lýsir félagið sig reiðubúið til viðræðna við stjórnendur bæjarins um úthlutun lóðar vegna byggingar fjölbýlishúss/a fyrir aldraða í Hafnarfirði.

f.h. Samtaka aldraðra bsvf

Magnús Björn Brynjólfsson, form.

